

Aðalfundur Öldungadeildar Læknafélags Íslands haldinn 31. maí 2023 kl. 16 að Hlíðasmára 8.

Formaður, Óttar Guðmundsson, setti fund og minntist á upphafi Ólafs Sveinssonar, fyrrum sjúkrahúslæknis á Sauðárkróki. Hann skipaði síðan Hildi Viðarsdóttur fundarstjóra og var þá gengið til hefðbundinnar dagskrár aðalfundar.

1. Skýrsla stjórnar, Óttar Guðmundson.
2. Skýrsla gjaldkera, Sigurður Guðmundsson
3. Umræður um skýslur stjórnar og gjaldkera: samþykktar samhljóða
4. Kosning stjórnar: Sitjandi stjórn var endurkjörin einróma og er hún þannig skipuð: Óttar Guðmundsson, formaður Sigurður Giðmundsson, gjaldkeri; Helga M. Ögmundsdóttir, ritari, Friðrik E. Yngvason, meðstjórnandi, og Gísli Einarsson, meðstjórnandi.
5. Kosning endurskoðanda: Halldóra Ólafsdóttir kosin einróma.
6. Ákveðið árgjald næsta árs. Stjórn lagði til að árgjald yrði hækkað úr 5.000 í 10.000, Lára Halla Maack lagði til að hækkað yrði í 15.000. Tillaga stjórnar um að árgjald yrði 10.000 var samþykkt.
7. Lagabreytingar: Stjórn lagði til breytingar á lögum og var tillagan send fálagsmönnum í tölvupósti 8 dögum fyrir fund. Í tveimur svörum sem bárust við tölvupóstinum voru lagðar til tvær breytingar til leiðréttingar og lagfæringar og voru þær felldar inn í tillögu stjórnar. Samþykkt.
8. Önnur mál. Pétur Skarphéðinsson lagði til að hafa kleinur í stað vínarbrauðs til meðlætis. Vísað til stjórnar.

Í lokaorðum sínum þakkaði formaður það traust sem stjórninni var sýnt með endurkjöri. Hann lagði áherslu á mikilvægi þessa félags til að vinna gegn einmanaleika og tengslamissi á þessu æviskeiði og hvatti að lokum félagsmenn til að láta í sér heyra og senda stjórn hugmyndir sínar.

Aðaldundi lauk 16:35 og hófst þá fræðslufundur, sjá sérstaka fundargerð.

Helga M. Ögmundsdóttir
ritari